

Fundur 17.11.2025 Sveinn Ólafsson formaður Framsóknar snemma á 20 öld.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur öllum með fögnuði og von um bætta tíð hjá Íslendingum og öðrum þjóðum hinnar gömlu jarðar.

*Já góða kvöldið.*

Já skynja ég það að skammdegið hafi haldið innreið sína á gamla landinu og er það öðru vísi hjá okkur þar sem tvær sólir eru og þó skil dags og nætur.

En margt er það sem vert er að fjalla um á þessum degi og vona ég að þið skynjið orku þá sem er hér í salnum hjá okkur og vona ég að mín gamla þjóð megi eflast og velji rétt í kosningum næst og þjóðlífið verði á þann veg að það efli innlenda framleiðslu og samtaka mátt þjóðarinnar.

Og hef ég hér í fralífi magnast mjög og orðið hæfari í því að sinna baráttumálum mínum og hugsa ég enn til gamla landsins og finnst mér hægt ganga að þjóðin sameinist um þessa réttu og góðu stefnu dr. Helga Pjeturss.

Og vil ég gjarnan stuðla að því að innlend samstilling aukist og traustið manna á milli og landbúnaður, Íslenskur landbúnaður blómstri og er það í hinum smáu hlutum sem skipta máli, sem sigurinn vinnst, eins og í því að velja íslenskar vörur og þjónustu og má almenning í lið mér sér í því máli.

Og hef ég hér um langan aldur fylgst með því hvernig þjóðlíf á þessum hnetti hefur vaxið og blómstrað og finnst mér að sömu megin lögmálin gildi um samstöðu og kærleika og skynsamlegar stefnu og þjóðerniskennd og hollustu samlegar og samvinnu hugsjón.

Og hef ég fylgst með því í áranna rás á minni ævi hvernig fólk hefur dafnað og blessast í krafti þeirrar stefnu.

Hef ég sömuleiðis unnið náið með mörgum af mínum samstarfsmönnum á gömlu jörðinni og hafa þeir sömuleiðis gert mikið gagn og þótti mér það mjög miður þegar mikilsháttar maður á þessari jörð mátti þola heilsubrest, en hann er hér enn á meðal okkar og er yngri að árum en ég og horfir það nú til betri vegar að hann fái fulla heilsu, en vona ég að hann muni til ykkar tala, og gustar af honum og er hann mikill leiðtogi sem fyrr.

Og ég sem orðinn er aldraður af árum á þessum hnetti hef fylgst með heilsu hans og störfum eftir að hann kom á þennan hnött, og verið hans stuðningsmaður eins og margir aðrir.

Margir af þeim sem við áður treystum og unnum náið með af kirkjunnar mönnum, hafa að vísu ekki staðið gegn innrásarliðinu eins og skiljanlegt er, þar sem þau hafa notað málflutning sem þau kannast við úr sinni trú og um endaloka spádóma og annað slíkt.

En hef ég notið nokkrar góðrar heilsu og hef komið mér hér upp annari fjölskyldu og er gott af henni að segja, og hef ég einnig farið út í stjórnmálin eins og á jörðinni og hef ég sérstaklega unnið gegn soun á almanna fé og spillingu í stjórnmálum hér, og hef ég einnig sinnt kennslustörfum.

Er ég hér orðinn nokkuð aldraður og heilsan lítið eitt farin að bila, en ekki svo mjög, og fylgi ég, er ég að tala um Jónas frá Hriflu, er hann allur að ná heilsu, en lentu á honum sérstakar árásir á undan förunum árum þegar,

*Hann tengdist eitthvað Fisher var það ekki ?*

Jú jú það er rétt, hann hefur látið margt gott af sér leiða í þessu þjóðfélagi og byggt upp ýmsa bæi og endurnýjað gömul byggðarlög sem hér eru og skipulagt Íslendinga byggðir.

Hugsa ég mjög til ykkar þegar kemur að kosningum og vil óska þess að þið farið ekki í Evrópu samband það sem ég hef frétt um, því ekki hygg ég að þjóðlegur metnaður nái þar fram að ganga

og sjálfstæði þjóðarinnar eins og á verður kosið, og vil ég þess í stað biðla til sjálfstæðra einstaklinga að rísa upp og af eigin rammleik öðlast fé og virðingu, og verðleika mannorð og aftur megi hefjast sú gullöld sem var á Íslandi hér til forna og svo sem blikaði af þegar við fengum sjálfstæðið aftur, en er nú margt sem ógnar þjóðinni.

Hef ég á þessum hnetti hef ég farið lengra til hægri og í einstaklings hyggjuna, og hef ég lagt ríkari áherslu á það að auðmenn hjálpi fátækum og séu samúðar ríkir og til fyrirmyndar á öllum sviðum.

Og samvinnuhreyfing sú sem við lögðum upp með í upphafi megi vaxa og blómstra og verði ekki afvegaleidd með þjónkun og linkind við aðrar stefnur sem ekki vinna eins mikið gagn.

Finn ég að mátturinn í sambandinu fer dvínandi, vil ég nefna mig áður en ég kveð, Framsóknar formaður snemma á tuttugust öldinni, Sveinn Ólafsson heiti ég.

*Já já, vertu velkominn, blessaður.*

Þakka þér fyrir og verð ég þá að kveðja og þakka ég fyrir mig og verð þið blessuð og sæl.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir komuna Sveinn.*